

Nd.

97. Frumvarp til laga

um nýskipun útvegsmála og stofnun útvegsmálaráðs.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna útvegsmálaráð. Atvinnumálaráðherra skipar 3 menn í ráðið, en hinir 4 skulu tilnefndir af þessum aðiljum: Tveir skulu kosnir af útvegsmönnum eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, og tveir kosnir í almennum kosningum í sjómannafélögum landsins eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur.

Útvegsmálaráð skal skipað til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu og skipun sömu aðilja. Meðlimir útvegsmálaráðs skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í útvegsmálaráð, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna menn í ráðið, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Atvinnumálaráðherra skipar síðan 1 af þessum 7 mönnum formann ráðsins og annan varaformann, til eins árs í senn, og nefnist formaður ráðsins útvegsmálastjóri.

Heimilt er ráðinu að ráða sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur og lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Tilgangur útvegsmálaráðs er: Að vinna að nýskipun útvegsmála, að hafa eftirlit með rekstri islenzkra útgerðarfyrirtækja og aðstoða útvegsmenn í málum, sem nánar er ákveðið um í lögum þessum.

3. gr.

Útvegsmálaráð hefir með höndum:

1. Að fylgjast með bókhaldi og rekstri islenzkra útvegsfyrirtækja (endurskoðun).
2. Að gefa út aflaskýrslur og aðrar skýrslur, sem sjávarútveginn varða.
3. Að hafa eftirlit með vélum í skipum fiskveiðaflotans.
4. Að aðstoða útvegsfyrirtæki með leiðbeiningum og ráðleggingum um öll þau mál, sem útgerðinni viðkoma.
5. Tilraunir með nýjar veiði- og verkunaraðferðir.
6. Að afla afurðum sjávarútvegsins nýrra markaða.
7. Að halda uppi fræðslu fyrir þá, sem fiskveiðar stunda, stofna til námskeiða eða skóla fyrir vélgæzlumenn, fiskiskipstjóra og fiskimenn, þar sem lögð sé áherzla á, að kennd sé meðferð fiskjar, veiðarfæra og annað það, sem að fiskveiðum lýtur og miðar að því að gera reksturinn hagkvæman.
8. Að hafa eftirlit með því, að í byrjun hvers veiðitima sé nægileg beita til í landinu og gera timanlegar ráðstafanir til þess að svo sé.
9. Að hafa eftirlit með innflutningi nýrra véla í veiðiskip og ákveða um, hvaða tegundir megi flytja inn í landið.
10. Að hafa með höndum styrkveitingar og verðlaun til útvegsmanna af opinberu fé.
11. Úthlutun verkunarleyfa, verði þau fyrirskipuð.

4. gr.

Starfsvið útvegsmálaráðs er allt landið, sem skipt er upp í umdæmi eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur.

5. gr.

Í hverju umdæmi hefir útvegsmálaráð skrifstofur, og fer fjöldi þeirra eftir tölu verstöðva og staðháttá. Skrifstofum hvers umdæmis veitir forstöðu útvegsmálaráðunautur, sem launaður er og ráðinn af útvegsmálaráði og starfar undir yfirumsjón þess. Við ráðningu útvegsmálaráðunauta skal þess gætt, að þeir hafi staðgóða þekkingu og reynslu í útvegsmálum. Auk þess ræður útvegsmálaráð á hverja skrifstofu bókhaldsfróðan mann og annað starfsfólk, ef nauðsyn krefur. Ennfremur skal ráðinn í hvert umdæmi starfsmaður, sem hefir sérþekkingu á vélum, og hefir hann með höndum stöðugt eftirlit með vélum veiðiskipa í umdæminu og vinnur á vegum skrifstofu útvegsmálaráðs.

6. gr.

Störf skrifstofu útvegsmálaráðs eru í því fólgin:

1. Að aðstoða útvegsmenn með bókhald sitt.
2. Að fylgjast með rekstri allra útvegsfyrirtækja viðkomandi staðar.
3. Að hafa stöðugt eftirlit með ástandi og hirðingu véla veiðiskipaflotans.
4. Að gefa útvegsmálaráði skýrslur um rekstur útvegsfyrirtækja á staðnum, afla og önnur mál, sem sjávarútveginn varða.

5. Að aðstoða útvegsmenn með leiðheiningum og ráðleggingum um öll mál, sem sjávarútveginum við koma.

7. gr.

Skýlt skal útvegsmönnum að láta útvegsmálaráði, útvegsmálaráðunautum og skrifstofum útvegsmálaráðs allar upplýsingar í té viðvikjandi rekstri og fyrirkomulagi útgerðar sinnar. Allar upplýsingar, sem þannig eru gefnar og ekki eru almenns eðlis, ber viðkomandi starfs- og embættismönnum að fara með sem einkamál. Upplýsingar þær, sem útvegsmálaráð aflar sér þannig, skal það nota til þess að auka þekkingu útvegsmanna á hagkvæmum rekstri og í þágu sjávarútvegsins að öðru leyti.

8. gr.

Útvegsmálaráðunautum er skýlt að gefa útvegsmálaráði skýrslur eftir hverja vertíð (útvegstímabil) um rekstur hvers einstaks útvegsfyrirtækis í sínu umdæmi. Í skýrslunum skulu vera upplýsingar um ástand og hirðingu skipa, véla og veiðitækja, um hirðingu aflans og um aðferðir og aðstöðu við verkun hans. Ennfremur skulu fylgja skýrslum þessum ýtarlegar upplýsingar um mál og ástand útvegsins í umdæminu. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir beztu vitund.

Skýlt skal útvegsmálaráði að senda þeim lánsstofnunum, sem lána viðkomandi útvegsfyrirtækjum fé til útgerðar, afrit af skýrslum þessum.

9. gr.

Kostnaður af starfsemi og ráðstöfunum útvegsmálaráðs greiðist úr fiskimálasjóði. Þó skulu útvegsmenn umdæmis greiða skrifstofuhald útvegsmálaráðs í umdæminu að hálfu. Skiptist þessi hluti kostnaðarins á útvegsmenn eftir aflamagni skipa þeirra.

10. gr.

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 11. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 550000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fiskis og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi $\frac{1}{2}\%$ — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra, miðað við fob-verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni. Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.
2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. álitu ráðherra og útvegsmálaráðs eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að $\frac{1}{4}$ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýttizku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu

og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti útvegsmálaráðs, og er öllum sjómönnum, verkamönnum og öðrum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka.

Þeim, sem fá styrk til togarakaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að frádregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togarakaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.

4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela útvegsmálaráði einu ýmsar framkvæmdir samkvæmt framskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita bezt reknu útvegsfyrirtækjunum eða einstaklingum, sem hjá þeim vinna, verðlaun úr fiskimálasjóði. Við úthlutun verðlauna ber að taka til greina: Hirðing skips og vélar, veiðarfæra og meðferð fiskjar.

Útvegsmálaráð annast um veitingu lána, verðlauna og styrkja úr fiskimálasjóði samkv. þessari grein, nema tölul. 1.—3., að fengnu samþykki ráðherra.

12. gr.

Útvegsmálaráð tekur við öllum störfum, réttindum og skyldum, sem fiskimálanefnd eru falin í lögum nr. 75 frá 1. des. 1937, nema þeim, sem falin kunna að verða öðrum aðiljum með sérstökum lagaákvæðum.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1., 2., 13. og 14. gr. laga nr. 75 1. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl., svo og öll þau ákvæði nefndra laga og önnur lagafyrirmæli, sem brjóta í bág við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er til ætlazt, að styrkur við útveginn af hálfu ríkisins sé fólgin í aðstoð, sem sérfróðir menn láti útvegs mönnum í té, til þess að stuðla að því, að útgerð verði rekin á heilbrigðan og hagkvæman hátt. Sú kenning hefir verið um langt skeið efst á baugi meðal þeirra, sem láta sig mál þessi skipta, að útgerðina beri annaðhvort að styrkja með útflutningsverðlaunum eða gengislökkun.

Hvor þeirra leiða, sem farin yrði, myndi ekki geta fleytt þeim hluta útgerðarinnar, sem rekin er með tapi til langframa, nema síður sé. Í fyrsta lagi væri ógerningur að greiða úr ríkissjóði útflutningsverðlaun, svo neinu næmi, því eins og kunnugt er eru fiskveiðarnar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og enginn atvinnuvegur annar fær um að leggja fram fé til starfsemi hins opinbera, og halda jafnframt uppi tapreknum útgerðarfyrirtækjum með styrkjum. Slikir styrkir myndu ekki heldur, þótt fáanlegir væru, á neinn veg bæta þá búskaparháttu, sem nú eru á ýmsum útgerðarfyrirtækjum og almennt er viðurkennt, að þurfi að breytast.

Gengislökkun myndi ekki heldur stoða. Að sjálfsgöðu myndi sú ráðstöfun verða einhver ávinningur fyrir stórutgerðina 1—2 fyrstu árin, eða á meðan hið nú-

verandi ástand í verðlagi og verkkaup væru að þokast upp til jöfnunar því tjóni, sem allur þorri þjóðarinnar biði af gengislækkun í hækkuðu verðlagi á lifsnauðsynjum, auk þess sem á gengislækkuninni mundi einnig verða fjöldi annara annmarka, og þá ekki sízt hættan á enn frekari gengislækkunum síðar, þar sem ekki mundi vera fyrir hendi neinn gengisjöfnunarsjóður.

Báðar þessar aðferðir til styrktar útveginum eru þjóðhagslega skoðað ekki heppilegar. Í báðum tilfellunum er einungis um nýskipting eigna og verðmæta innbyrðis meðal þegnanna að ræða, þannig að lifsafkoma hins vinnandi fjölda myndi versna, til hagsbóta fyrir örfá stórútvegsfyrirtæki.

Það er skoðun okkar, að útgerðinni þurfi að koma sá varanlegi stuðningur, sem í frumvarpinu felst.

Um það verður eigi þráttað, að til þess að reka útgerð, er útgerðarmaðurinn ekki krafinn um neina sérkunnáttu á rekstri hennar. Allt er, að menn, sem ekki hafa snefil af þekkingu á meðferð og hirðingu fiskjar og veiðarfæra, aldrei hafa fengizt við innkaup útgerðarnauðsynja, ýmist leggi eigið fé í útgerð eða fái fé lánað í lánsstofnunum þjóðarinnar til útgerðar. Í fjölmörgum tilfellum hafa töpin á útgerð og gjaldþrotin orsakazt af vanþekkingu þeirra manna, sem fyrirtækjunum hafa stjórnað, og hirðuleysi þeirra um hag útgerðarinnar.

Með frumvarpinu er til ætlað, að stofnað verði útvegsmálaráð, sem skipað sé hinum hæfustu mönnum þjóðarinnar á sviði útgerðarmálanna. Útvegsmálastjóri sé æðsti stjórnandi útvegsmálaráðs, sem hafi yfirumsjón með og heri ábyrgð á starfi útvegsmálaráðunauta og skrifstofu þeirra, sem undir útvegsmálaráðið heyra.

Í hverri verstöð, sem nokkra verulega þýðingu hefir, sé starfandi skrifstofa, sem sé miðstöð útgerðarmanna um upplýsingar, leiðbeiningar og styrki við atvinnurekstur þeirra. Í sambandi við skrifstofur þessar starfi eftirlitsmenn með vélum fiskiflotans, og sé eftirlit þeirra stöðugt, þannig að hver vél sé athuguð eigi sjaldnar en á viku fresti af eftirlitsmanni, sem sé sérfróður vélamaður, og sjái hann um, að misfellur, sem kunna að vera á hirðingu og meðferð vélar, séu bætt á ákveðnum fresti, enda veiti hann vélamönnum nauðsynlegar leiðbeiningar. Teljum við þetta atriði mjög veigamikið, þar eð einn af stærstu útgjaldaliðum mótorskipaflotans er hið gifurlega viðhald og endurnýjun véla.

Öllum er það kunnugt, hvílikt vandræðaástand og kostnaðarsamt það er fyrir allan sjávarútveginn, að í fiskiskipafлотanum er mesti sægur af ólíkum vélategundum, misjöfnum að gæðum. Sumar þessara véla eru óheppilegar fyrir islenzka staðhátta og óþarflega dýrar í rekstri. Skipulagsleysið á þessu sviði kostar islenzka útvegsmenn stórfé árlega, ýmist vegna vöntunar á varahlutum, eða þá og ekki síður vegna hins óþarflega háa verðs þeirra. Í frumvarpinu er ætlað til, að bætt verði úr þessu ástandi.

Meðferð og hirðing veiðarfæra og afla er oft og einatt mjög ábótavant. Til þess er ætlað, að skrifstofur útvegsmálaráðs leiðbeini útvegsmönnum í þessum efnunum.

Þó að í frumvarpinu sé ekki ákveðið, hversu mörg umdæmi skuli vera í landinu, ætlumst við til, að þau verði ekki færri en 10 og ekki fleiri en 15, og útvegsmálaráðunautarnir jafnmargir. Mikið er undir því komið, hvernig val útvegsmálaráðunauta tekst. Verður því nauðsynlegt að vanda til um val manna í þær stöður.

Eins og að framan getur, ætlumst við til, að skrifstofur útvegsmálaráðs verði miðstöð útvegsmanna um leiðbeiningar um atvinnurekstur þeirra á hverjum stað. Aðalstörf skrifstofanna verða þó í því fólgin að annast bókhald fyrir útvegsmenn og endurskoða bókhald þeirra, sem ekki létu skrifstofurnar annast það. Af ýtarlegri bókfærslu útvegsmanna mætti áreiðanlega margt læra, sem komið gæti sjávarútveginum að miklu liði. Nú er bókhald vélbátaútvegsins víðast hvar mjög ófullkomið, enda hefir engin krafa verið gerð til þeirra í þessu efni. Viðurkennt er, hve nauðsynlegir og lærdómsríkir búreikningar eru bændum. Útvegsmönnum eru slíkir reikningar engu síður nauðsynlegir, enda þótt nokkru yrði til þeirra kostað. Ýtarlegt bókhald útvegsfyrirtækja myndi að sjálfsögðu leiða til þess, að lánsstofnanir

gætu hæglega séð, hvort fé væri hættandi í hin ýmsu útvegsfyrirtæki, og áhætta þeirra á töpum vegna útgerðarlána hlyti af þeim ástæðum að minnka. Samkvæmt frumvarpinu eiga lánsstofnanirnar aðgang að reikningum þeim og skýrslum, sem skrifstofur útvegsmálaráðs gera.

Þá er ætlað til, að mál útvegsins, sem nú eru í höndum annara stofnana (Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar), sameinuðust undir útvegsmálaráð, og hlyti það að leiða til umbóta frá því, sem nú er.

Með frv. er gert ráð fyrir, að tillag ríkissjóðs til fiskimálasjóðs hækki úr 450000 kr. í 550000 kr., enda greiðist kostnaður af starfsemi útvegsmálaráðs úr fiskimálasjóði. Útvegsmálaráði er ætlað að taka að sér flestöll störf fiskimálanefndar og Fiskifélags Íslands, ennfremur að fiskimálanefnd verði lögð niður og fjárveiting felld niður til Fiskifélagsins, 75000 kr., en kostnaður af fiskimálanefnd, 60000 kr., hverfi jafnframt. Það af störfum fiskimálanefndar, sem ekki er falið útvegsmálaráði, er ætlað til, að falið verði atvinnumálaráði, en frumvarp til laga um stofnun þess verður lagt fram á Alþingi samtímis þessu. En árlegum tekjum og tillögum til fiskimálasjóðs verður ráðstafað að öllu leyti eftir ráðum útvegsmálaráðs.

Þegar starfsemi útvegsmálaráðs er komið í fast form, er ætlað til, að það taki að sér skipaskoðun ríkisins.

Lögin um fiskimálanefnd, hagnýtingu markaða o. fl. þurfa nauðsynlega endurskoðunar við, og verður þá að sjálfsgöðu að samræma þau lög þessum lögum.

Nánar í framsögu.